

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikstöðin við Esjumela Reykjavík



Dags eftirlits	24.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbikstöðin við Esjumela	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Koparsléttu 6 - 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	540504-4660	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Vilhjálmur Þór Matthíasson	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64.195598 -21.695455

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt eldra frávik er enn opið. Úrbótaáætlun rekstraraðila gerir ráð fyrir því að úrbótum verði lokið í september 2024. Sýnataka í útblæstri fór fram í júní sl. en enn er beðið eftir að rannsóknarstofa skili mælinganiðurstöðum til þess að sýna fram á magn PAH efna í útblæstri standist losunarmörk í starfsleyfi.

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirlitinu en tvær ábendingar voru gerðar:

- Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun uppfærðar teikningar af frárennislögnum ef farið verður í það að færa eldsneytisafgreiðslu stöðvarinnar.
- Rekstraraðila er bent á að bæta umbúnað um geymslu á síuryki og varna því að það berist í niðurföll.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fyrir lá að skoða malbikunarstöð Malbikstöðvarinnar ehf. á Koparsléttu 6-8 á Esjumelum.

Dagskrá:

- Skoðun
- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og sértaklega hreinsikerfa í útblæstri og frárennsli
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Skoðun

Gengið var um afgreiðslu- og áfyllingarsvæði stöðvarinnar sem eru steipt svæði með niðurfalli í lægsta punkti tengt sandfangi og olíuskilju. Fram kom hjá fulltrúa rekstraraðila að fyrirhugað er að færa eldsneytisafgreiðslu vestast á lóðina þar sem fyrirhugaðir metangeymar verða. Færsla eldsneytisafgreiðslunnar krefst nýs steinsteypis afgreiðsluplans með tengingu við nýja olíuskilju og við frárennislagnir stöðvarinnar. Skermun og fegrun lóðarinnar mun fara fram samhliða framkvæmdum við nýjan eldsneytisbúnað.

Umhverfisstofnun fer fram á að fá sendar samþykktar frárennislsteikningar af nýju aðstöðunni þegar þær hafa verið afgreiddar hjá Reykjavíkurborg.

Gengið var umhverfis malbikunarstöðina, en malbiksframleiðsla var í gangi. Búnaður til kaldrar- og heitrar innmötunar er á stöðinni. Hráefni eru í aðskildum hólfum á lóðinni sunnan og austan við verksmiðjuna og fram kom hjá fulltrúa rekstraraðila að undirlag hallar út að lóðarmörkum þar sem ofanvatn er hreinsað innan lóðar eins og tilskilið er á Esjumelum. Ofanvatnskerfið virkar vel og vatnsagi ekki til vandræða, þó helst þar sem fínasta efnið er geymt. Búið er að byggja þak á hólfid þar sem malbiksfræs er geymt og jafnvel áform um að byggja yfir önnur hráefni enda sparar það þurrkun hráefna.

Rykhreinsivirkið virkar vel en breyta þarf geymslu fyrir síuryk svo það berist ekki í niðurföll og valdi því að svifagnir í frárennslinu fari yfir leyfileg losunarmörk.

2. Staða rekstursins og sértaklega hreinsikerfa í útblæstri og frárennsli

Sest var niður á fundi í húsakynnum rekstraraðila við Esjumela. Á fundinum voru Vilhjálmur Þór Matthíasson framkvæmdarstjóri Malbikstöðvarinnar ehf. og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Starfsleyfið veitir rekstraraðila heimild til að framleiða allt að 160 t/klst. af malbiki, auk þess að reka tengda starfsemi og þjónustu, endurvinna malbik og framleiða bikþeytu.

Rekstraraðili er að mestu búinn að koma sér fyrir á lóðinni Koparsléttu 6 – 8, en fyrirhugað er að breyta eldsneytisafgreiðslu stöðvarinnar og byggja nýtt afgreiðsluplan tengt olíuskilju. Stærstur hluti skjólveggja sem eiga að hefta fok hefur verið reistur. Lóðin hefur verið malbikuð og steipt og yfirborðshalli lóðarinnar er þannig að ofanvatnshreinsun fer fram á útjöðrum lóðarinnar en tvö svæði næst verksmiðjunni eru steipt og halla þau að niðurföllum tengdum sandföngum og olíuskiljum. Árleg sýnataka í frárennsli sýnir fram á að olíuleifar í frárennsli eru vel undir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi. Vélsópur er notaður á yfirborðsfleti og þannig er ryki haldið í lágmarki.

Sýnataka og mælingar á sviföngnum og olíu í frárennsli stöðvarinnar fór fram í júní 2023 og mældust bæði innan losunarmarkna. Útblásturmælingar voru gerðar í maí 2023 og voru allar mælingar innan losunarmarkna nema PAH

gildið sem var 0,022 mg/Nm³ sem er yfir losunarmörkum. Úrbótaáætlun rekstraraðila er í gildi og rekstraraðili hyggst vera búinn að ráða bót á frávikinu í september 2024. Sýnataka í útblæstri fór fram dagana 27. og 28. júní sl. og beðið er eftir að niðurstöður berist. Hávaðamælingar (hjóðmælingar) hafa verið gerðar og mældist hljóð alls staðar undir 70 dB, LAeq (30 s) á lóðamörkum.

Allar skriflegar áætlanir liggja fyrir hjá rekstraraðila. Grænt bókhald og mælinganiðurstöður hafa borist með skilum og haldið er utan um skráningar sem kröfur eru um í starfsleyfi á eyðublöðum starfsmanna en gögn síðan færð í rafrænt skráningarkerfi stöðvarinnar. Upplýsingar um neyslugeyma á lóð rekstraraðila liggja fyrir. Engar niðurgrafnar olíulagnir eru á lóð rekstraraðila.

3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2024

Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar. Niðurstöður áhættumatsins verðar nýttar við gerð eftirlitsáætlunar fyrir árið 2025.

4. Önnur mál

Engin mengunaróhöpp við rekstur malbikunarstöðvarinnar urðu á árinu 2023 og ekki bárust kvartanir vagna hávaða, ryks eða annara umhverfisþátta. Rekstraraðili eru með gilt vottað umhverfisstjórnunarkerfi (ISO 14001). Umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila fór í gegnum vottun Bureau Veritas í mars 2023.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun uppfærðar teikningar af frárennislögnum ef farið verður í það að færa eldsneytisafgreiðslu stöðvarinnar.
2. Rekstraraðila er bent á að bæta umbúnað um geymslu á síuryki og varna því að það berist í niðurföll.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.08.2024



Gottskálk Friðgeirsson